

## Námsmatsaðferðir

Í upphafi skal endinn skoða. Viðmið námsmats og umsagna skal koma fram í skólanámskrá og vera öllum aðgengilegt. Öllum; nemendum, foreldrum og öllum starfsmönnum skóla, verður að vera ljóst frá upphafi hvaða kröfur eru gerðar, skilja þær og hvernig eigi að uppfylla þær. Námsmatið þarf að vera fjölbreytt og í samræmi við hæfniviðmið aðalnámskrár. Það skal taka mið af nemendum og endurspeglar áherslur kennslunnar. Þá þarf það einnig að vera heiðarlegt, óhlutdrægt, sanngjarnt, áreiðanlegt og meta alla þætti námsins; leikni, hæfni og þekkingu (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2013, bls. 27-28). Í stað þess að námsmat fari allt fram með verklegum, munnlegum og skriflegum prófum er um að gera að safna upplýsingum um frammistöðu nemenda markvisst á meðan sjálfu náminu stendur. Það má gera á margan mismunandi máta (Ingvar Sigurgeirsson, 2011, bls. 86-91).

Fyrst og fremst er námsmat til þess gert að styðja nemendur í námi og reyna að bæta árangur þeirra en jafnframt að upplýsa viðkomandi aðila, svo sem forráðamenn, stjórnendur og aðra utanaðkomandi aðila um framfarir og framvindu nemenda. Ein leið til slíkrar upplýsingagjafar er leiðsagnarmat eða skipulagðar athuganir. Með því er leitast við að meta framfarir nemenda og nota þær niðurstöður til að gera nauðsynlegar breytingar á námi og kennslu. Nemendum er fylgt eftir á námstímanum og mikil áhersla er á reglulega endurgjöf til nemenda og að tilgangur og markmið námsins séu skýr. Nemendum er gefið tækifæri til að bera sig saman við aðra nemendur en jafnframt við eigin framvindu í námi (Erna Ingibjörg Pálsdóttir, 2011, bls. 14 og 31).

Hentugasta hjálpartæki skipulagðra athugana eru gátlistar og matslistar sem kennari býr til fyrirfram og fyllir inn í jafnóðum í kennslustundinni. Þannig getur hann gengið úr skugga um að hann fylgist með öllum nemendum. Með notkun slíkra gátlista er tryggt að nemendur viti til hvers er ætlast af þeim og hvaða kröfur eru gerðar til þeirra í viðkomandi verkefni, meðal annars hvaða námsmarkmiðum á að ná (Elísabet Valtýsdóttir, 2010, bls. 29).

Mikilvægt er að athuganirnar séu gerðar skipulega og reglulega og að vel sé haldið utan um úrvinnsluna. Dæmi um slíkar athuganir er virkniathugun og matslisti til greiningar á frammistöðu nemenda í umræðum sem fram fara í kennslustund (Ingvar Sigurgeirsson, 2011, bls. 86-89). Í anda lýðræðis liggur beint við að færa nemendum aukna ábyrgð á mati á eigin frammistöðu. Það má annars vegar gera með sjálfsmati eða með því að halda dagbækur eða leiðarbækur. Með því að taka þátt í mati á eigin frammistöðu skilja nemendur oft betur til hvers er ætlast af þeim því markmið kennslunnar liggja þá fyrir og nemendur greina sjálfir veikar og sterkar hliðar sínar. Hins vegar má leggja fyrir jafningjamat þar sem nemendur meta samnemendur sína. Nemendur þurfa þá að taka ákvarðanir byggðar á ábyrgri afstöðu og sanngirni í garð annarra (Ingvar Sigurgeirsson, 2011, bls. 91).

Með því að nota námsmat sem stuðlar að því að sjálfsmynd og sjálfstæði nemenda styrkist verða nemendur ábyrgari og meðvitaðir um stöðu sína í námi, hafa trú á eigin getu og vita hvert þeir stefna. Með því að vera meðvitaðir um eigin hæfni og fá aðstoð kennara við að hafa trú á eigin getu eykst sjálfstraust nemenda og þeir verða virkari þátttakendur í námi sínu (Erna Ingibjörg Pálsdóttir, 2011, bls 16).

Í rannsókninni *Starfshættir í grunnskólum* sem Ingvar Sigurgeirsson, Amalía Björnsdóttir, Gunnhildur Óskarsdóttir og Kristín Jónsdóttir skrifuðu um í samnefndri bók (2014) sýna niðurstöður að þrátt fyrir að flestir kennarar hafi lagt áherslu á að hafa námsmatsaðferðirnar fjölbreyttar og þeir væru ánægðir með þær aðferðir lýstu þeir áhuga á að auka hlut óhefðbundinna matsaðferða eins og jafningjamats og sjálfsmats.

Í mörgum skólum var þegar hafin vinna við endurbætur á námsmati með það að leiðarljósi að auka vægi óhefðbundinna námsmatsaðferða og stöðugs námsmats (bls. 143-151).